



Dagsetning: 17. október 2023
Málsnúmer: 2310109/8.2

Til íþróttá- og tómstundanefndar

MINNISBLAÐ

Í reglum frá umhverfisstjórnuneytinu (814/2010) um „reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum“ kemur fram að í sundlaugum sem eru allt að 25 x 12,50 metrar að stærð skal að minnsta vera einn sundlaugarvörður við laugargæslu. Ekki er tekið fram að einhvert hámark eða lágmark sé á sundlaugagestum miðað við að hafa einn sundlaugarvörð.

Íþróttá- og tómstundanefnd leggur þess vegna til að smærri sundlaugar Fjarðabyggðar sem ná ekki þessari stærð (Breiðdalslaug, Stöðvarfjarðarlaug og Fáskrúðsfjarðarlaug) séu einungis með einn starfsmann á vakt yfir opnunartíma fyrir almenning.

Aðsókn í þessar sundlaugar samkvæmt aðsóknartölum gefa til kynna að aldrei séu fleiri en 10 manns í lauginum í einu, en að meðaltali eru 16 manns á dag í Breiðdalslaug, 20 í Stöðvarfjarðarlaug og 5 manns í Fáskrúðsfjarðarlaug.

Nefndin leggur einnig til að takmörkun á sundlaugargestum sé miðað við ekki fleiri en 12 manns í einu til þess að starfsmaður geti verið með góða yfirsýn og tryggt öryggi sundlaugagesta.

Magnús Árni Gunnarsson

Deildarstjóri

